



## Skipulags- og byggingarnefnd

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Blönduóssbæjar þriðjudaginn 19. júlí 2005 á bæjarskrifstofu. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. **Erindi:** Árni Þorgilsson sækir um leyfi vegna breytinga á hestúsi og nýbyggingar einbýlishúss í ræktunarlendi nr. 60 á Blönduósi. Teikningar af einbýlishúsi unnar af Óla Jóhanni Ásmundssyni, arkitekt hjá Stálbæ, dags 2. júní 2005. Teikningar af hestúsi unnar af Óla Jóhanni Ásmundssyni, arkitekt hjá Stálbæ, dags. 9. júní 2005.

**Afgreiðsla:** Samkvæmt gildandi skipulagi Blönduóss þá er umrætt svæði skrásett sem óbyggt svæði. Samkvæmt þessu verður að koma til breyting á aðalskipulagi og í framhaldi af því deiliskipulag. Í þessu ljósi er málinu frestað.

2. **Erindi:** Umsókn frá Jakobi Þór Guðmundssyni um byggingarleyfi fyrir sólpall með skjólveggjum við Hlíðarbraut 12, Blönduósi.

**Afgreiðsla:** Erindi samþykkt.

3. **Erindi:** Umsókn frá Hirti Karli Einarssyni um byggingarleyfi fyrir eftirfarandi:
  - Sólpallur með skjólveggjum til vesturs að Aðalgötu 21, Blönduósi, norðurhlíð.
  - Sólpallur með skjólvegg til vestur að Aðalgötu 21, Blönduósi, suðurhlíð.
  - Sólpallur með skjólvegg til norðvesturs við sumarhús í Hnjúkahlíð, Blönduósi.
  - Heitur pottur við sumarhús í Hnjúkahlíð. Staðsetning: Suðvesturhlíð.

**Afgreiðsla:** Erindi samþykkt.

4. **Erindi:** Frá Krák ehf. vegna framlengingar á leyfi fyrir gámaaðstöðu við Húnakaup ehf.

**Afgreiðsla:** Erindi samþykkt til eins árs.

5. **Erindi:** Frá Glaðheimum ehf. vegna auglýsingaskiltis við þjóðveg.



**Afgreiðsla:** Skipulags- og byggingarnefnd gerir ekki athugasemd við staðsetningu skilta sbr. byggingareglugerð 441/1998 72. gr.

6. **Erindi:** Frá Steingrími Kristinssyni vegna bygginga gripahúsa, hlöðu og sumarhúss í Miðgili.

**Afgreiðsla:** Skipulags- og bygginganefnd getur ekki tekið afstöðu til erindis vegna ófullnægjandi gagna. Til að hægt sé að fjalla um málið þarf að kom til afstöðumynd af svæðinu.

7. **Erindi:** Frá Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi, dags. 13. júlí 2005 vegna leyfis fyrir hurðaropi að Flúðabakka 2 og sólpalli. Teikningar unnar af Ormari Þór Guðmundssyni hjá Arkitektastofunni, dags. 28. júní 2005.

**Afgreiðsla:** Erindi samþykkt.

8. **Erindi:** Byggingafulltrúi óskar eftir staðfestingu á breytingum er varða deiliskipulag hesthúsasvæðis í Arnargerði, sbr. erindi Árna Ragnarssonar, arkitekts, dags. 13. september 2004.

**Afgreiðsla:** Erindi samþykkt.

9. **Erindi:** Umsókn frá Sölufélagi Austur-Húnvetninga, dags. 7. júlí 2005 vegna breytinga og endurnýjunar í frystivélasal Sölufélagsins. Sótt er um ótímabundið stöðuleyfi fyrir 4.800 lítra safngeymi fyrir ammóníak við austurhlið vélasalar, sbr. meðfylgjandi myndir.

**Afgreiðsla:** Stöðuleyfi samþykkt meðan breytingar í vélarsal eiga sér stað.

10. Önnur mál: Engin.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

*Jakob Þór Guðmundsson  
Andrés Leifsson  
Eyjólfur Þórarinsson*

*Jón Sigurðsson*